

Loðnuvinnslan hf
Skólavegi 59
750 Fáskrúðsfjörður

20. nóvember 2025
UOS2501523/A.E.H.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 29. september 2025 – ID 88

Þann 29. september sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Loðnuvinnslunnar, Fáskrúðsfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram:

1. Hluti efna í efnageymslu voru enn án viðeigandi lekavarna. Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun frá 27. mars 2025.

Eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 2.1 í starfsleyfi. Löndunarbúnaður skal vera þéttur. Lýsislögn sprakk í sundur í útskipun og eitthvað magn af lýsi fór í sjóinn, sem er frávik. Rekstraraðili brást strax við og viðbragðsáætlun fór í gang, lýsið var hreinsað upp og er frávikinu því lokað.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir

Teymi eftirlits

Freyr Ævarsson

Teymi eftirlits